

Stjórnugrís hf  
Saltvík 1  
162 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2022  
UST202103-158/K.K.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 03.12.2021 – Stjórnugrís hf, Melum**

Þann 3. desember 2021 fór fram eftirlit í Stjórnugrís hf að Melum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö frávik eru útistandandi varðandi yfirbyggingu haugþróar og malbikun lóðar. Þremur ábendingum var komið á framfæri í fyrra eftirliti varðandi lekavarnir og frágang kringum olúgeyma, viðhald hauggeymis og samning um dreifingu þurrhluta svínaskíts á löndum utan umráða rekstraraðila.

**Eitt frávik kom fram er varðar:**

1. 42. gr. reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi. Olútankar á lóð rekstraraðila eru án árekstrarvarna.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. apríl 2022.**

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer

Frigg Thorlacius